



STEFNA KÓPAVOGSBÆJAR Í UPPLÝSINGATÆKNI Í LEIKSKÓLUM

LEIÐARLJÓÐ

Í leikskóla skiptir fjölbreytni í kennsluaðferðum og vinnubrögðum miklu máli. Góður aðbúnaður í upplýsingatækni er mikilvægur þáttur í að gera leikskólum kleyft að koma til móts við kröfur nútímans. Mikilvægt er að börn öðlist tækifæri og þjálfun í nútímataækni. Stuðla skal að fjölbreyttum vinnubrögðum og börnum veitt jöfn tækifæri til að afla sér þekkingar til að miðla á skapandi hátt. Til þess að svo geti orðið þurfa leikskólakennarar að hafa góða þekkingu á upplýsingatækni og aðgang að tækjabúnaði sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru á hverjum tíma.

FRAMTÍÐARSÝN – MARKMIÐ OG LEIÐIR

- **Að börn í leikskólum Kópavogs geti nýtt sér upplýsingatækni í starfi og námi.**
 - Upplýsingatækni stuðlar að fjölbreytni í kennsluaðferðum og vinnubrögðum.
 - Börn og leikskólakennarar nýta sér möguleika sem upplýsingatækni býður upp á í námi og starfi.
 - Skólanámskrár og starfsáætlanir leikskólanna greina frá á hvern hátt leikskólar vinna að þessum markmiðum.
- **Að leikskólakennarar fái fræðslu og stuðning til að geta nýtt sér upplýsingatækni í námi og starfi með börnunum.**
 - Leikskóladeild standi fyrir námskeiðum/fræðslufundum á sviði upplýsingatækni í vinnu með börnum.
 - Leikskólastjórar hvetji og styðji leikskólakennara til að afla sér þekkingar á sviði upplýsingatækni með börnum
 - Skilgreina kennsluráðgjöf í upplýsingatækni.
 - Skilgreina starf tölvuumsjónarmanna.
 - Skilgreina þjónustu upplýsingatæknideildar Kópavogs við leikskóla.
- **Að stuðla að því að tæknihverfi leikskólanna bjóði upp á valkosti hvað varðar tækjabúnað.**
 - Upplýsingatæknideild Kópavogs býður leikskólum upp á val um tækjabúnað.
 - Upplýsingatæknideild fylgist með nýjungum á sviði upplýsingatækni og kynnir fyrir leikskólum.
 - Upplýsingatæknideild er í fararbroddi með aðgengi, öryggi og þjónustuhæfi upplýsingakerfa bæjarins.
- **Að stuðlað verði að miðlun þekkingar og samvinnu milli leikskóla á sviði upplýsingatækni.**
 - Leikskóladeild sér um að leikskólar sem taka þátt í þróunarverkefnum kynni niðurstöður fyrir öðrum leikskólum.
 - Upplýsingatæknideild og leikskóladeild halda reglulega fundi, a.m.k. árlega, þar sem fulltrúar frá leikskólum ræða saman og skiptast á hugmyndum.

MAT OG EFTIRLIT

Leikskóladeild, í umboði leikskólanefndar, sér um mat og eftirlit með leikskólastarfi í sveitarfélaginu. Það felur einnig í sér að fylgst er með hvort stefnu Kópavogsbæjar í upplýsingatækni sé framfylgt. Leikskólarnir meta árlega hvort unnið sé að markmiðum og leiðum stefnunnar og skrá í starfsáætlun leikskólans.

Kópavogur, 9. janúar 2013.